

ÍSLENZK STEFNA

III. ÁRG.

APRÍL 1956

I. TBL.

E F N I

<i>Hinar tvær stefnur, P. J.</i>	vls. 1
<i>Að gefnum tilefnum, P. J.</i>	— 5
<i>Það var ekki ég, P. H. Á.</i>	— 7
<i>Wilfrid Daim og draumaramsóknir hans, P. G.</i>	— 8
<i>Athugið drauma ykkar, P. J.</i>	— 16
<i>Draumur, P. G.</i>	— 19
<i>Gerð frumeinda og hamfarir manna, S. P.</i>	— 22
<i>Um áhrif ástæðis og fleira, P. J.</i>	— 24
<i>Svefninn, dauðinn og það sem verða á, P. J.</i>	— 31
<i>Hið dauðlega og hið ódauðlega líf, P. J.</i>	— 34
<i>Ágæti eigingirinnar, Kr. P.</i>	— 39
<i>Lifsgleði og dr. Helgi Pjeturss, G. P.</i>	— 42
<i>Íslensk mannfræðistofnun, P. G.</i>	— 44
<i>Félag Nýalssinna (saga þess)</i>	— 46

ÍSLENSK STEFNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRI:

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

III. árg.

April 1956

1. tbl.

HINAR TVÆR STEFNUR

I

Mér varð fyrir nokkru ljós á dálítið nýjan og sérstakan hátt kenning Helga Þjeturss um hinar tvær stefnur. Var það í samtali við mann, sem var að ræða við mig um spádóma. Talaði maður þessi um, að ef hugboð um óorðna atburði ættu sér stað, þá hlytu atburðirnir að vera fyrirfram ákveðnir. En það vildi ég ekki fallast á alls kostar. Að vísu liggja orsakir til alls, sem rekja mætti jafnvel óendanlega, og væru þá spádómar í því faldir, að sambönd fengjust við þá, sem hefðu þar miklu meira en mannlega yfirsýn. En þó held ég, að atburðirnir séu aldrei alveg óhjákvæmilegir, meðan þeir ekki hafa gerzt. Ég get t. d. ekki fallizt á, að hinar tvær heimsstýrjaldir þessarar aldar hafi verið fyrirfram ákveðnar eða fyrirhugaðar og það þótt orsakir hafi legið til þeirra jafnvel frá upphafi heims. Ég held, að raunveruleikinn sé sá, að möguleikarnir til hvers eins séu ævinlega á tvo vegu, hinn betri og hinn verri. Annars vegar er það, sem ég vil nefna hið fyrirhugaða, þetta, sem stafar frá hinum guðlega, skapandi mætti, þróunin til æ meiri fegurðar, vits og góðvildar. En hins vegar er hið orsaka- eða skilyrðisbundna, stafandi frá hinu óskapaða og ófullkomna, sem gefur að vísu hinu

fullkomna skilyrði til æ meiri fullkonnunar af því að vera því viðfangsefni, en felur þó í sér möguleika alls hins illa. Sérhverja stund er hver og einn þannig á vegamótum, þó að jafnan séu þau vegamót þannig, að miklu meira halli til annars vegarins. Jafnvel maður, sem væri að hrapa fyrir björg, væri á vegamótum, því að þrátt fyrir yfirgnæfandi líkur til hins verra, væru alltaf þeir möguleikar til, að hann stöðvaðist í hrapinu. Og hér er það, sem ég þykist sjá frumrökin fyrir kenningunni um hinar tvær stefnur. Við upphaf heimshverfis eða einhverrar jarðar mætti hugsa sér, að möguleikarnir séu mjög jafnir á tvo vegu. Og vel gæti verið, að mjög lengi yrði þar ekki séð, á hvorn veginn aðdragandinn verður sterkari, þann, sem í rauninni er hinn eðlilegi, eða hinn, þar sem slysin og óhöppin bjóða hvert öðru heim. Þannig get ég hugsað mér, að allengi hafi verið um þessa jörð. Lengi hafa guðirnir horft á hana sem tilvonandi lífs-sól, og segi ég ekki, að þeir horfi ekki þannig á hana enn. En þó þykir mér líklegt, að nú þegar séu þeir farnir að hafa áhyggjur af ýmsum óhappaaðdraganda hér, og eru sennilega fyrir löngu. Lífsviðleitnin hefur hér svo ískyggilega oft misst marks, eins og ráða má af því, hve margar líftegundir hafa liðið undir lok. Og nú er svo komið, að möguleikinn má heita auðsær til þess, að sú líftegundin, sem ein gæti haft á hendi forystuna til leiðréttingar, sú tegundin, sem ein gæti breytt aðdragandanum á hinn betri veg, þurrki ekki einungis sjálfa sig burt af jörðinni, heldur einnig allt líf annað. Þetta, sem nú er um að ræða, er því hvorki meira né minna en að á skömmum tíma verði gerð að engu hin þúsundmilljónára gamla viðleitni guðanna til að hefja jörðina á æ hærra stig lífs og fegurðar.

II

Þeir, sem kunnugir eru ritum Helga Pjeturss, gætu fljótlega séð, að hér er ekki um að ræða neina nýng frá minni

hendi. Þetta, að hér ráði meira hinn illi aðdragandi, var eitt af því, sem hann vék oftast að í ritum sínum, og var það út frá þeim skilningi, að hann sagði það fyrir, um 1920, að ef sömu stefnu yrði haldið, mundi önnur og enn ægilegri styrjöld eiga sér stað fyrir miðja öldina en sú, sem átti sér stað frá 1914 til 1918. Má segja, að þar hafi hann verið það sannspár, eins og hann reyndar var oftast, að ástæða væri til að taka mark á fleiru, sem hann sagði. Og nú munu líka margir vera orðnir þeirrar skoðunar með honum, að ekki sé fjarri því, að enn sé stefnt til nýrrar heimstyrjaldar, sem verða mætti ósegjanlega miklu ægilegri en nokkur áður. Þó að menn sjái það ekki til fulls, þá eru þeir nú farnir að sjá, að sumt stefnir ekki sem bezt, eða sá hluti manna, sem vitrari er, er þegar farinn að sjá það. Aðeins vantar, að menn fari að sjá það, sem verða mætti til bjargar. — Eins og ég sagði áðan, þá er jafnvel hrápandi maður á vegamótum. Þó að stefna hans virðist eindregið vera til bana, þá er til alla þá stund, sem bani hans hefur ekki orðið, möguleiki til bjargar. Og þetta er það, sem einnig má segja um jarðlífið í heild. Það verður að vísu æ auðsærra, að hrapið er þar það, sem verða vill, svo margir eru nú farnir að sjá hættuna. Það, sem að er stefnt, er styrjöld á styrjöld ofan, ófrelsi, grimmd og trúarbragðamyrkur jafnframt trúleysi á allan sannan veruleik. En það, sem bjargað gæti mannkyninu frá þessu, eru menn ekki farnir að sjá. Menn vita ekki, nema mjög ófullkomlega, að til er kraftur, sem hrifið getur frá dauða á skyndilegan og furðulegan hátt, kraftur, sem getur yfirstigið lögmál þyngdarinnar, áhrif eiturs, elds og eggja og gæti jafnvel gert óvirka hina stærstu vetnissprengju. Eða með öðrum orðum, það er til kraftur, sem menn vita naumast af, þó að í sjálfum þeim búi, sem gæti fært mönnum ósegjanlega mikla möguleika til æ fegra og betra lífs, og þann kraft var Helgi Pjeturss að segja mönnum að læra að þekkja og færa sér í nyt. Kenning hans var sú, að líf jarðarinnar sé vakið fyrir tilgeislan krafts frá

öflugum lífsstöðvum á öðrum stjörnum, og að aðstreymi þessa krafts mætti auka stórlega með líkum árangri og hér á landi verður af hækkingi sól.

III

Hverja stund dregur til tvenns konar atburða. Þar sem eitthvað hefur áunnizt til hins betra, skapast skilyrði fyrir annan enn meiri ávinning, og svo á hinn veginn, þar sem hinn illi aðdragandi ræður. Eitt slys leiðir þar af sér annað stærra, ein villan af sér aðra verri. Og það er ástæða til að ætla, að þar sem lengra er komið áleiðis að viti og þroska, liggi það miklu ljósara fyrir en hér á jörðu til hvers hvað eitt dregur, þótt aldrei verði slíkt séð til fulls. Það sem verða á, hinn rétti tilgangur, liggur að vísu ljóst fyrir á hinum góðu stöðum. En möguleikinn til hins illa getur ekki hafa legið þar alveg ljós fyrir þegar í upphafi hvers heimshverfis, því að annars hefði verið komið í veg fyrir þá. Það er í rauninni undirstöðuatriði að skilja, að hið guðlega hlýtur ævinlega við hvert upphaf, að hafa verið að nokkru blint á möguleika hins illa. Ástúðin, sem er aðall guðanna, getur ekki verið sönn ástúð, án þess að hætta á nokkra óvissu. En glíma hins góða við hið illa er ekki á annan hátt en þann, að koma viti við. Og þannig væri því upphaf þess, að hinum illa aðdraganda yrði breytt til hins betra, og menn áttuðu sig og færu að hafa vit við betur en áður. Menn þurfa til að stöðva sig í hrapinu, að læra að skilja, hvernig lífið hefur orðið hér til, hvaðan það er runnið og hvert eðli þess er. Menn þurfa að skilja, að það sem nefnt hefur verið guðsríki, eru hinar lengra komnu lífsstöðvar annarra stjarna, og að samstillingin við þær stöðvar er hið eina, sem ekki einungis getur stöðvað hið hrapandi mannkyn í fallinu, heldur einnig hafið það til flugs, sem yrði ekki falið í öðru en því, að gera hina illu möguleika æ betur að viðnámi slíku, sem loftið er vængjum fuglanna.

ÞORSTEINN JÓNSSON

AÐ GEFNUM TILEFNUM

Ástæða kynni að vera til þess að taka hér fram, að kenning Nýals er ekki trúar- heldur vísindakenning, og geta því trúar-kenningar hvorki aukið hana né bætt. Í Nýal er því að vísu haldið fram, sem haldið hefur verið fram í trúarbrögðum, að lifað sé eftir dauðann, og í rauninni skipti ekkert eins miklu, og hinn rétti undirbúningur framlífsins. En í Nýal er þessu haldið fram sem vísindum en ekki sem trú. Auðvitað vantar mikið á, að þar sé allur sannleikurinn fenginn um lífið og heiminn, og í og með eru þar aðeins tilgátur byggðar á líkum. En undirstaðan er þar öll önnur en í trúarbrögðun-um, og er því ekki rétt að tala um Nýal sem grein af meiði þeirra. Undirstaða Nýals er aðeins hið sýnilega og áþreifan-lega, og er hans sérstaka ágæti falið í því, að á þeirri undir-stöðu er hann það, sem langhæst hefur verið byggt á þessari jörð.

Kenning Nýals er laus við allar þær hugmyndir, sem hrein-vísindalega sinnaður maður getur ekki fallist á. Frá sjónar- miði Nýals er aðeins um að ræða efni og efnasambönd, ein- ingja og sambönd einingja, eins og ég hefi orðað það og er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, svo að ekki verði villzt út í svo óvísindalegar hugmyndir, sem andahyggjan er, og kenn- ingin um endurburð.

Þær kenningar eru, frá nýölsku sjónarmiði séð, jafnfjar- stæðar og það væri fjarri sanni að tala um efnasambönd án efnis. Frá því sjónarmiði séð getur andinn ekkert augnablik átt sér stað fyrir utan efnið, enda alveg óþarft að leita út fyrir það til þess að geta séð fram á guðlega fullkomnun.

Eins og birta má allar mannlegar hugsanir í hinum rúmlega 30 bókstöfum, þannig birtist öll tilvera frá hinu lægsta til hins æðsta í hinum 92 tegundum frumeinda. Munur moldarkögguls, lifandi manns eða skínandi guðs er allur fallinn í mismunandi samböndum eða samskipan þeirra efna, sem hver annar sýnilegur og áþreifanlegur hlutur er gerður af.

Þetta voru undirstöðuatriði, sem æskilegt væri að Nýals-sinnar vildu hugleiða og gæta að. Og æskilegt þætti mér, að þeir gerðu sér einnig sem ljósast eðli svefnins og draumanna, því að þar er einmitt um þá undirstöðu að ræða, sem kenningin um lífssambandið byggist á, kenning Nýals. *Draumur er ekki án sambands.* Hversu óljós sem draumur kann að vera, eða litaður af endurminningum dreymandans úr vöku, þá er frumorsök hans æfinlega hin sama, utanaðkomandi vitundargeislan, sem æfinlega að einhverju leyti stafar frá íbúum annarra stjarna.

Það er í aðalatriðum ljóst, hvað því veldur, að mönnum getur virst að draumar þeirra séu aðeins komnir upp í þeirra eigin huga, eða þeir séu endurminningar úr vöku. Það sem maður skynjar, greinir hann ekki fyrr en eftir á, ekki fyrr en það er orðið að minning. Og þegar maður er þreyttur eða illa vakandi, geta hjá honum átt sér stað minningavíxl þannig, að í stað þess, sem var að gerast, verði í vitund hans miklu ríkara eitthvað annað, sem það minnti á og hann skynjaði áður betur vakandi.

Þegar maður gerir sér grein fyrir einhverju, þá verður það aldrei án þess að snerta við eða vekja upp minningar um eitthvað annað, og þegar sljóum huga er greint, þá getur þetta annað að mestu komið í stað þess, sem greina átti, og er æfinlega meira og minna um slíkt að ræða í draumum. Draumar eru æfinlega meira og minna eftirskynjanir, þó að þeir hinsvegar séu aldrei án sambands eða samskynjunar. Þegar draumur er rakinn, koma jafnan minningarnar meira

fram en hann sjálfur. — En þegar komið væri hér á hina réttu leið samstillingar og samtaka, mundi einnig þar greiningin fara að verða betri. Þá mundi úr hverjum draumi verða mun- að margt, sem sjaldan eða aldrei áður hefði náð hér að skína í gegn, dásamlegra líf og dásamlegri skynjanir, en nokkrar, sem þekkst höfðu á þessari jörð. En þá færi líka að draga til þess, að vakan yrði hinn yndislegasti draumur.

ÞORSTEINN JÓNSSON

ÞAÐ VAR EKKI ÉG

Fyrir nokkru vaknaði ég eina nótt og var þá mjög í fersku minni, sem því miður er óvenjulegt, síðasta atriði draums þess, sem mig hafði verið að dreyma. Mig dreymdi, að ég sjálfur, sem gjörandi í draumi mínum, leit í spegil og sá, að það var alls ekki mynd af mér, sem þar kom fram, þótt svo ætti að vera. Ég varð strax í draumnum mjög hissa á þessu, og svo vel mundi ég andlit draumgjafa míns, er ég vaknaði, að ég hefði óðara dregið upp mynd af honum, væri ég drátt- hagar maður. Ég var þakklátur fyrir þennan draum, því ekki er hægt að óska sér skýrari sönnunar fyrir draumgjafa.

PÁLL H. ÁRNASON

WILFRID DAIM OG DRAUMARANNSÓKNIR HANS

Wilfrid Daim heitir sálfræðingur einn í Vínarborg og mun vera kunnur maður þar. Hann hefur gert tilraunir til þess að kalla fram drauma hjá öðrum mönnum, samstarfsmönnum sínum, með fjarhrifum. Er aðferðin hjá þeim oftast sú, að sendandinn eða gerandinn í tilrauninni lítur á mynd, og reynir síðan að setja sér hana fyrir sjónir, jafnframt því sem hann beinir huga sínum til viðtakanda. Vandlega er frá því gengið, að ekki geti vitneskjan borizt eftir neinum öðrum leiðum en fyrir hugsamband. Til þess að myndirnar sem reynt var að senda, skæru sig sem mest úr því, sem viðtakandann kynni að vera að dreyma annað, voru notaðar flatarmyndir: hringur, þríhyrningur, kross, ferningur og hálfhringur, klipptir út úr svörtum eða hvítum skífum. Þessar skífur mátti síðan leggja ofan á aðrar skífur mislitar, og kom þá myndin fram í þeim lit sem undir var. Litirnir voru þessir: gulur, rauður, grænn, blár og brúnn, og gat þannig samsetningin orðið á 25 vegu. Fljótt á litið líkist þetta hinum frægu tilraunum próf. Rhines við Duke-háskólann bandaríska, en hver sá, sem athugar þetta mál af nokkurri gaumgæfni, mun sjá, að tilraunir dr. Daims eru stórum fróðlegri. Enda gagnrýnir hann Rhine fyrir það, að hafa aldrei beðið tilraunamenn sína að lýsa því, hvað fyrir þá hafði borið og hvernig. Rhine lét menn einungis segja til um það, hver af fimm myndum þeim kæmi í hug, en dr. Daim og samstarfsmenn hans semja skýrslur, bæði sendandi og viðtakandi, og reyna að lýsa sem nákvæmlegast því, sem fyrir þá ber eða þeir hafast að.

Dr. Daim gerir greinarmun á hugsun og hugmynd (vorstellung), það er að segja þeirri endurminning hluta og atburða, sem menn hafa í huga sér. Átelur hann harðlega athugunarleysi sálfræðinga um þetta efni. En það sem ég hygg að á vanti hjá honum sjálfum er það, að hann geri sér grein fyrir þeim mikla mun, sem er á hugmynd: því sem maður setur sér fyrir sjónir, og sýn eða annari skynjan: því sem maður hefur fyrir augum (eða öðrum skynfærum). Þessi munur er svo augljós, þegar á hann hefur verið bent, eins og Helgi Pjeturss hefur gert Nýal (Annarri uppgötvanasögu), að ég get sagt, að ég viti ekkert það, sem ólíkara sé í sér, en t. d. Snæfellsjökull meðan ég hef hann fyrir augum og hinsvegar það, að muna eftir honum, þegar ég hef litið af honum. Vildi ég óska að sem flestir þeir, sem þetta kemur fyrir augu, athuguðu þetta á sjálfum sér svo vandlega, að þeir verði ekki í neinum vafa um hvað rétt er, því að þetta hefur hina mestu þýðingu fyrir skilninginn á draumunum. Og í ljósi þeirrar athugunar vildi ég nú biðja menn að líta á nokkrar skýrslur frá dr. Daim, sem hér fara á eftir. Þær birtust í austurríska tímaritinu Wissenschaft und Weltbild, októberheftinu 1948.

I

Gerandi: höfundurinn. Viðtakandi: cand. phil. G. D. Bilið milli þeirra 30 metrar í beina stefnu. Svefnherbergin voru sitt á hvorri hæð; fjórir veggir á milli.

Skýrsla gerandans: „Ég lét vekja mig skömmu fyrir kl. 6, og eftir að ég var búinn að draga um lit og form, tók ég að einbeita huga mínum að rauðum jafnhliða þríhyrningi, og vissi eitt hornið beint upp. Um kl. hálf sjö einbeitti ég mér enn kröftuglega, og var ég þá var við þessi einkennilegu sambandsáhrif, sem varla er unnt að lýsa. Þá skipaði ég viðtakanda ákveðið að vakna, þó ekki svo, að ég hugsaði þá skipun í orðum“.

Skýrsla viðtakanda: 14. marz 1948. Draumur stuttu áður

en ég vaknaði, en það var 5 mínútur yfir hálf sjö árdegis. Efni draumsins: Þekktur píanóleikari (kona), tónlist, mjög fjörugt lag, hermaður, sem ætlar að handtaka mig og fjölskyldu mína, mikill hófaldynur og hljómur frá hljóðfærum — allt þetta tengt hvað öðru á mjög áhrifaríkan hátt.

Skyndilega birtist mitt á meðal þessara ókyrru og ógreinilegu mynda þríhyrnt grenitré eldrautt, og stendur það kyrrt nokkrar sekúndur mitt á meðal hinna fyrri draummynda. Þetta er ekki eiginlegt grenitré heldur eins og myndir af þeim tíðkast í stafrófskverum barna, stofninn er svartur, liturinn á því kemur skýrt í ljós, en aðrar draummyndir eru gráar og litlausar. Eftir örstutta stund hverfur það og stuttu seinna einnig það, sem eftir var af hinum fyrra draumi, en það var nú lítið annað en eins og daufir skuggar eftir að tréð kom í ljós.

G. D.

Þessari skýrslu fylgja nokkrar athugasemdir dr. Daims sjálfs:

Tilraun sú sem hér var lýst, var hin fyrsta tilraun í þessa átt sem höfundurinn gerði, og þó heppnaðist hún ágætlega. Sérstök heppni við hana var það, að hin tilsenda mynd kom fram meðan á öðrum draumi stóð.

Fyrir því, að hluta af draumnum sé að rekja til fjarhrifa, verða eftirtaldar ástæður færðar:

1. *Litasamsvörunin* hjá myndinni, sem reynt var að senda, og þeirri draummyndinni, sem um er að ræða. Ennfremur sker hún sig, eins og búizt var við, úr öðrum myndum draumsins, sem voru, eins og í flestum draumum gerist, í svörtum og hvítum lit. Viðtakandinn segist aðeins muna eftir einum draumi öðrum, sem sig hafi dreymt í litum — og ef til vill hefur hann verið til kominn fyrir fjarhrif.

2. *Samsvörun* formsins. Að vísu er draumsýnin færð í ímyndunarkenndan búning, og þó næsta lítið, því að draum-

vitund stúlkunnar veit bersýnilega ekki hvað hún á að gera við þessa óvæntu mynd.

3. *Kyrrstaða* þessarar draummyndar gagnvart því, hve aðrar draummyndirnar voru hreyfanlegar. Þessi munur er mjög athyglisverður og sýnir betur en nokkuð annað mismæmið milli hennar og aðaldraumsins.

4. Rauða grenitréð er ekki í neinum tengslum við annað efni draumsins. Hver draumur er heild sér, jafnvel þótt atburðarásin sé ruglingsleg, og samband atvikanna er ekki aðeins fólgið í því, að þau taka hvert við af öðru. Í þessu dæmi er heildin rofin, tréð stendur eitt útaf fyrir sig.

5. *Skýrleiki* rauðu myndarinnar í samanburði við daufar og ógreinilegar skynjanir annars þess, sem fyrir bar í draumnum.

6. Hin tilsenda mynd kemur *skyndilega* og óvænt inn í drauminn. Viðtakandinn segir svo frá, að henni hafi virzt þetta eins og aðvörunarmerki við þjóðbraut.

7. Hin tilsenda mynd *blasir beint við*, en hinn fyrri draumur verður eins og í baksýn hennar.

8. Draumurinn kemur fram *samtímis* því að sendandinn gerir tilraun sína.

Af því hve hin umrædda draummynd er sérstæð og sérkennileg og að dreymandinn verður að veita henni nána athygli, má örugglega ráða, að hún sé dreymandanum komin frá öðrum. Þessi draumur einn mundi nægja til að sanna, að unnt er að stilla til drauma með fjarhrifum.

2.

Gerandi: Wilfrid Daim. Viðtakandi: M. W. (kona). Millið eins og áður.

Skýrsla geranda: „17 marz 1948. Klukkan fimm mínútur yfir hálf sjö sendi ég grænan ferning. Myndin, sem ég studdist við, reyndist mér of stór, svo ég réð ekki við að hafa allan ferninginn grænan.

W. D.

Skýrsla viðtakanda: Vaknaði nokkru eftir hálf sjö skömmu áður draumur, sem mér þóttist gerast í skólanum mínum. Á stofuveggnum sást ferningslagaður reitur, grár, og í honum brá fyrir ýmsum litum og formum. Mest bar á grænum lit í sambandi við rauðan. Mig hefur aldrei fyrr dreymt í litum“.

M. W.

Í sambandi við þennan draum bendir W. D. á það, að rautt og grænt eru andstæðulitir, og því hugsanlegt, að hinn aðsendi græni litur eigi þátt í því að rautt birtist einnig.

3.

Sendandi W. W., viðtakandi H. Sch. Fjarlægðin milli þeirra 1,1 km. Þetta gerðist í Vín.

Skýrsla sendanda: „20. apríl 1948. Um klukkan 3 um nótt reyndi ég að senda rauðan hring, en mjög erfitt var að fá hann til að vera stöðugan, því að hann vildi hvað eftir annað taka á sig sporbaugmynd.“ W. W.

Skýrsla viðtakanda: „20. apríl 1948. Óvíst hvenær mig dreymdi drauminn. Vaknaði af svefni um kl. 5. Það eina, sem ég man úr draumnum er rauð sól, sem eins hefði þó getað verið rauður sporöskjulaga loftbelgur.“

Hér vekur dr. Daim athygli á því, að þar sem langt er um liðið frá drauminum, hefur hann að mestu þurrkapt út, þegar viðtakandi vaknar, en það sem í minni geymist, er hin tilsenda mynd, rauður hringur eða sporbaugur. Segir hann að það sem máli skiptir sé sjálf myndin, en ekki þýðing hennar sem sólar eða loftbelgs. Við þetta vil ég gera athugasemd. Það er mjög merkilegt, að eftir að sendandinn hafði horft á rauðan hring, og reyndi síðan að setja hann sér fyrir sjónir, þá vill honum heldur koma í hug sporöskjulöguð mynd. En frá sjónarmiði hinnar íslensku draumafraeði er þetta auðskýrt. Eftir þeim skilningi getur alls ekki verið

um það að ræða, að það sem viðtakandi sér í draumnum sé hugsanir sendanda (eftir að hann er hættur að horfa á myndina), heldur verður að líta svo á að sendandi stilli viðtakanda til sjónarsambands við einhvern þriðja aðila, sem hefur eitthvað svipað fyrir augum og það, sem sendandi er að hugsa um. Nú hittist svo á að þessi þriðji aðili, draumgjafinn, — hvar í veröld sem hann kann að vera staddur — er að horfa á sporbaugslagaðan hlut en ekki hringlaga, og mótast þá ekki einungis draumur viðtakanda eftir því, heldur einnig tilraunir sendanda til að hugsa sér hlutinn.

4.

Sendandi, viðtakandi og fjarlægð eins og í öðru dæmi.

Skýrsla sendanda: „18. marz 1948. Í dag dró ég blátt og kross. Mér gekk ekki vel að setja mér þetta fyrir sjónir, réttur kross vildi ekki koma fram. Frá kl. hálf sjö og í fimm mínútur sendi ég svo að öllu afli og einbeittlega skilaboð um að vakna.“

W. D.

Skýrsla viðtakanda: „18 marz 1948. Draumur: Ég gat ekki fyllilega gert mér grein fyrir umhverfi mínu. Stórt herbergi, áhrif umhverfisins eins og þetta væri hér í höllinni (tilraunirnar voru gerðar í Leopoldskron-höllinni. Aths. höf.). Ég sá greinilega tvo prófessora, karl og konu, úr skólanum mínum og stúdent, sem hér er staddur, auk þess varð ég óljóst var við fleira fólk. Það stóð skýrt fyrir mér, að í nánd við mig væri einhver karlmaður, sem ég vissi þó engin glögg deili á. Án þess að ég yrði þess vör að ég færði mig til, sá ég nú breiðan stiga, sem verið gæti hér í höll eða í skólanum mínum (sem nú er til húsa í Hetzendorf-höllinni við Vín), og nú skynjaði ég það eins og ég er vön að skynja, hvernig ég gekk ofan stigaþrepin.

En nú var karlmaðurinn, sem ég minntist á kominn upp

að hliðinni á mér. Í jaðri sjónarsviðs míns var eins og vottaði fyrir gráleitri mynd hans. Vinstra megin við mig sá ég dökkan, nærri svartan reit, og auk þess vissi ég af trjám og runnum, en þau skynjaði ég þó aðeins óljóst. Í sambandi við þetta sá ég í miðjum svarta reitnum annan reit blágrænan eða eins og vatnslitan, og var hann sífellt að breyta um stærð og lögum. Þó var greinilegt, að hann breiddi mest úr sér í lárétta stefnu, en um miðjuna teygðist hann upp fyrir og niður fyrir. Það var eins og hann væri tígullaga. Jafnframt þessu þótti mér það eins og sjálfsagt, að manningum, sem með mér var væri vel kunnugt um alla málavöxtu.

Nú var eins og ég hentist til, og urðu þá fyrir mér allt aðrar aðstæður. Mér þótti sem ég kannaðist þar við systur mína, og var eins og ég væri að gefa henni í skyn það, sem á undan var gengið. Skömmu seinna vaknaði ég.“

Þetta, að viðtakanda þótti sem hún hentist til, rekur Daim til þess, að hann reyndi að vekja hana með hugareinbeitingu, og er mjög líklegt, að það sé rétt. Það liggur ljóst fyrir, að um þau mót hafa orðið draumgjafaskipti: „Þá urðu fyrir mér allt aðrar aðstæður“, og er skiljanlegt að þau skipti yrðu einmitt þegar hugareinbeiting stillisins fékk nýja stefnu. Það er stóratyglisvert, hvernig þessu öllu ber saman, og má hér minna á, að í dæminu frá 14. marz hér að framan, koma einnig draumgjafaskiptin ljóslega fram. Þegar rauða grenitréð birtist, er annar draumur fyrir, en hann þokar fyrir því, og hið nýja samband verður mestu ráðandi.

Annað, sem ég vildi vekja athygli á, er það, sem viðtakandi segir um stigann. „Ég sá breiðan stiga,“ segir hún, en síðan bætir hún við: „sem verið gæti hér í höll eða í skólanum mínum.“ Hér má ljóslega greina milli hinnar raunverulegu skynjunar draumgjafans, sem berst dreymandanum sem sýn, og tilraunar hans til að staðsetja stigann einhvers staðar þar, sem hann þekkir til. Það er ein aðalástæðan fyrir misskilningi manna á draumunum, að þeir blanda þessu tvennu sam-

an, og ríghalda sér síðan í það, að þá hafi dreymt ákveðna staði og ákveðnar persónur, í stað þess að reyna til að gera sér ljósa grein fyrir hinum eiginlegu draumskynjunum. En þessi fastheldni manna við rangþýðingar sínar hefur mér skilizt, að sé oftast þannig til komin, að þegar draumgjafinn sér eitthvað, sem honum er kunnugt, þá flyzt yfir til draumþegans ekki einungis myndin, sem draumgjafinn hefur fyrir augum, heldur einnig fullvissa hans um að sjá eitthvað sér kunnugt. En hjá draumþeganum verður þetta vitanlega að fullvissu um, að hann sjái eitthvað sér kunnugt, og þannig er t. d. um prófessorana og stúdentinn, sem stúlkan þóttist þekkja í draumnum, og eins um „systurina“ í seinni hluta draumsins. Hefði hún í draumnum getað gefið þessu fólki nánari gætur, þá tel ég alveg vafalaust, að í ljós hefði komið, að þetta var annað fólk og ókunnugt, og ræð ég þetta af því, að það hefur hvað eftir annað komið fyrir mig í draumi, að raknað hefur þannig úr rangþýðingunum, þegar ég fór að að gæta betur að.

ÞORSTEINN GUDJÓNSSON

ATHUGIÐ DRAUMA YKKAR

Ég vék lítillega að því í greininni Hin mikla leiðrétting, að draumskynjanir og eins sérskynjanir hins ófreska manns væru sambandskynjanir (þannig að annar maður skynjaði þær raunverulega, og að þessi annar væri réttilega nefndur draum- eða skyggnigjafi). Að gera sér þetta ljóst, er, eins og ég tók þarna fram, hin allra þýðingarmesta leiðrétting, sem nokkru sinni hefur gerð verið, og er það víst af þeirri ástæðu mest, að svo erfiðlega hefur gengið að fá menn til að átta sig á henni. Í rauninni er það ákaflega skiljanlegt, að mannkyn, sem virðist hafa langsamlega mestan áhuga á styrjöldum og styrjaldarundirbúningi, sé ekki fljótt að átta sig á því, sem bezt stefnir eða gæti stefnt frá fjandskap og sundurlyndi. Fjandskapur manna á milli stafar af engu eins og því, að menn eru offjarri því að hafa komizt að hinu rétta. Hinn rétti skilningur mundi öllu öðru fremur megna að gera menn sátta. Samstilling getur því aðeins orðið manna á milli, að þeir séu sammála, og varanlega sammála geta menn ekki orðið af öðru en því að hafa komizt að réttum niðurstöðum. Og þegar menn eru sammála um eitthvað rétt, þá vilja þeir ekki framar neinum rangt. Sannleikurinn er framar öllu leið góðvildarinnar, og þar sem sannleikurinn hefur sigrað og góðvildin, þar er opin leið fyrir aðstreymi þess krafts, sem hefja mætti lifendurna til æ meiri fullkomunar og hamingju. Það, að menn tækju að átta sig á þessum sannleik, sem hin beztu vísindi hafa stefnt að, og lengi hefur bjarmað af í gegnum þoku trúarbragðanna (trúarbrögðin eru misskilningur á meginsannindum, sagði Helgi Pjeturss), þá skapast

fyrst skilyrði til þess fyrir guðina, sem eru ósegjanlega miklu lengra komnir íbúar annarra stjarna, að koma hér við áhrifum sínum, svo að einnig hér fari að verða guðlegt líf. En þar sem hin nefnda leiðrétting mætti frammar öllu öðru verða upphaf þessarar breytingar til hins betra, þá skal nú enn gera hér eina tilraun til þess, að mönnum megi verða hún ljós.

Mig dreymdi einhverja nótt fyrir skömmu, að ég vildi komast inn í húsið mitt um þakglugga á því. Þykist ég nú vera kominn upp á þak hússins, en hitta þar fyrir konu, sem segir mér, að þetta sé sitt en ekki mitt húspak, og átta ég mig þá á, að mitt hús er þar til hliðar, og áfast húsi konunnar, og geng ég yfir á það af húspaki hennar.

Nú er þess fyrst að gæta við þennan draum, að því fer alfjarri að raunveruleikinn sé samkvæmur því sem mér þótti, þegar mig var að dreyma hann. Í svefninum þykir mér mitt hús vera sambyggt húsi annars. En raunveruleikinn er, að það er svo einstætt sem nokkurt hús getur verið, og þar af leiðandi svo alfjarri því að á þak þess verði gengið af öðru húsi. Og til að skilja þessa ósamkvæmni, sé ég ekki aðra leið þá, að í svefninum hafi ég þarna verið annar maður. Þegar ég í drauminum þykist vilja komast inn í mitt eigið hús, þá er það annar maður, sem vill komast inn í sitt hús, sem er auðvitað allt annað hús en mitt og á allt öðrum stað. Það, sem mér í svefninum þykir, er þannig raunverulega einungis það, sem öðrum manni þykir, og það, að ég þykist þá jafnan kannast við það, sem fyrir mig ber, er af því að þessi annar maður kannast við það, sem fyrir hann ber. Og nú vil ég biðja þá, sem þetta kunna að lesa, að veita athygli draumum sínum betur en þeir hafa gert. Takið eftir því, hvort draumar ykkar eru ekki stundum eitthvað líkir þeim, sem ég sagði frá hér að framan, ósamkvæmir því sem raunverulega er. Takið líka eftir því, hvort ekki á sér stundum stað, að þið í draumi þykist hafa lifað eða aðhafzt eitthvað það, sem þið

raunverulega hafið ekki lifað eða aðhafzt. — Auðvitað eru mjög margir draumar óljósir, og naumast annað en undiralda til upprifjunar eigin minninga, sem líka er mjög eðlilegt, því að minningar manns eru jafnan ofnar inn í allt það, sem vitundin grípur. Án þess að snerta við minningum, festist hvorki draumur né annað í vitund manns. En reynið þó að greina það sem er, að í draumi koma stundum fram þær minningar, sem þið ekki eigið í vöku. Og eitt er það enn, sem fróðlegt er að athuga í sambandi við drauma sína. Því betra hugarfari sem einhver mætir í umhverfi sínu, því betri verða draumar hans. Góðhugur annarra skapar sofandanum sambönd við þá, sem heima eiga á fögrum stöðum og sjálfir eru vitrir og máttugir í góðvild sinni. Er það til heilla hverjum manni, að sambönd hans verði sem bezt, því að þannig aðeins getur hann magnast á hinn æskilegasta hátt. Fyrir þau sambönd, sem eitt hið rétta hugarfar getur skapað hverjum einum, veitist honum ekki einungis hvíld eftir erfiði dagsins, heldur einnig aukið vit, góðvild og fegurun. Með sigri hins rétta hugarfars, sem skilningurinn á eðli svefnis og drauma myndi greiða fyrir jafnvel öllu öðru fremur, mundi svefninn og draumarnir þannig verða miklu betri. En það mundi svo verða til þess, að lífspróuninni mundi miða hér betur fram. Í svefni fremur en nokkru sinni endranær er það, að lifendurnir njóta að hins skapandi máttar.

ÞORSTEINN JÓNSSON

á *Úlfsstöðum*

DRAUMUR

Mig dreymdi eina nótt nálægt miðjum janúar 1956, að ég stæði við bæjardyrnar í Þingnesi og væri að horfa á stjörnuurnar á suðurhimni. Vinstri hendi hélt ég um dyrastafinn og greip henni inn fyrir, og þykir mér þetta merkilegt af því, að í bæjardyrnum í Þingnesi eru hjarirnar á hurðinni við syðri dyrastafinn, og hefur því aldrei svo að ég muni til verið hægt að grípa þannig um dyrastafinn sem ég gerði í draumnum.

Ljósleit skýjamóða var þarna á himni, en þó ekki þykkari en svo, að stjörnuurnar skinu í gegnum hana. Og stjörnu-merkið, sem við mér blasti, þekkti ég vel. Það var Óríon eða eins og Óríon, og leiddist athygli mín fyrst að hinum þrem björtustu stjörnum merkisins, sem mynda stóran gleiðhyrndan þríhyrning, og síðan að þrem smærri stjörnum um miðju þríhyrningsins, sem allar standa á beinni línu (Fjósakonurnar). En nú sá ég nokkuð nýtt. Hægra megin við fjósakonurnar, álíka langt frá deltu og delta er frá zetu, og í beina stefnu út frá þeim, sá ég enn eina stjörnu, álíka bjarta og þessar þrjár.

* * *

Ég veit það, að á vorum himni hefur slík sýn sem þessi ekki getað birzt á þeirri stundu, sem hana bar fyrir mig í draumnum, og að líkindum aldrei síðan sögur hófust. Um þetta tekur aukastjarnan af öll tvímæli. Með því að líta nógu raunhæft á draumana, verður því þessi draumsýn að fullkominni sönnun fyrir því, að draumgjafinn hafi verið íbúi annars hnattar. Og nú vill einmitt svo til, að unnt er að


benda á talsverðar líkur fyrir því, að til séu jarðstjörnur, þar sem þvílíka sýn gat borið fyrir augu. Svo stendur á, að í stjörnumerkinu Óríon eru þessar 6 aðalstjörnur allar afar-fjarri vorri sól og fjær en flestar þær stjörnur aðrar, sem bjartar eru á vorum himni. Þær eru í 215–545 ljósára fjarlægð skv. nýjustu mælingum. Gefur því að skilja, að í næstu nágrannasólhverfum vorum (í svo sem 4–20 ljósára fjarlægð) muni mynd Óríons vera nokkuð sú sama og héðan af jörðu að sjá, og á jörð í einu slíku sólhverfi þykir mér líklegt, að draumgjafinn hafi verið staddur.

En hvernig stendur þá á aukastjörnunni? Þrjár skýringar sýnast mér hugsanlegar á því.

1. Aukastjarnan er reikistjarna í sama sólhverfi og jörð draumgjafa míns.

2. Aukastjarnan er sól, sem ber á milli Óríons-sjarnanna og draumgjafans.

3. Jörð draumgjafa míns er nær Óríons-stjörnunum en vor jörð, og er aukastjarnan nýstirni, þ. e. ljós frá sólsprengingu, sól, sem áður var svo dauf, að ekki bar á henni. Hversu



Mynd af Óríon.

Efri krossinn er þar sem mér sýndist stjarnan, neðri krossinn þar sem hún ætti að vera, ef merkið hefði snúið öfugt við mér.

langt sem liðið kann að vera, síðan sú sprenging varð, þá hefur blossinn af henni náð til þessa nágrannasólhverfis vors, þar sem draumgjafi minn átti heima, um þær mundir sem mig dreymdi drauminn. Og sé þessu þannig varið sem nú var greint, þá er blossi þessi að vísu óséður enn hér á jörð, en er á leiðinni hingað með ljóshraða, og einn góðan veðurdag á þá eftir að birtast nýstirni í Óríon í mjög svipaðri afstöðu og ég sá það í draumnum. Ef til vill innan fárra ára, ef til vill enn fyrr, en varla seinna en eftir svo sem 30—40 ár, því hefði draumgjafi minn verið nær Óríons-stjörnunum en svo, þá er líklegt að afstaða Óríons-stjarnanna hefði verið farin að raskast frá því sem hér er. — Enn er það athugandi, að þar sem Óríon breytist lítið, þótt honum sé snúið við, gæti nýstirnisins einnig verið von vinstra megin við Fjósa-konurnar.

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

GERÐ FRUMEINDA OG HAMFARIR MANNA

Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli sagði mér einu sinni frá nokkru af því sem hann vissi um eðli og gerð frumeinda, á þann hátt sem nú skal sagt. Frumeind er kjarni, og um þann kjarna er hvel. Á hvelinu myndast þétting, sem leysist upp, en kemur fram á öðrum stað á hvelinu jafnharðan, og gerist þetta með miklum hraða. Sumar frumeindir hafa fleiri en eitt hvel, og eru þá fleiri þéttingar á hverju hveli, og er fjöldi þeirra bundinn ákveðnum reglum, sem eðlisfræðingar vita um. Til viðbótar sagði Þorsteinn mér frá þeirri hugmynd sinni, að eins mundi vera um gerð sólhverfanna. Þar væri sólin kjarninn, en jarðhnettirnir væru þéttingar á hvelum sólarinnar, og tunglin þéttingar á hvelum jarðanna. Líkingin er góð, þótt í fljótu bragði virðist vera töluverður munur á þessu, þar sem þéttingarnar á hvelum frumeindanna virðast leysast upp og myndast annars staðar á hvelinu, en ekki ganga eftir brautum umhverfis kjarnann. En aftur á móti jarðhnettirnir ganga fastar brautir umhverfis sól, og tunglin umhverfis jarðhnettina. En Þorsteinn hugsaði sér að eðlið væri það sama, en aðeins um stigsmun að ræða. Efni sólhverfisins væri aðeins orðið stirðara, og gæti þessvegna ekki leyst upp, til að myndast sem þétting á ný, heldur misheppnaðist hver tilraun t. d. jarðarinnar til slíks, og úr yrði einungis smákippur, sem nægði til að valda hreyfingu eftir fastri braut. Það sem ég hef hugsað um þetta síðan, er helzt um ástæður fyrir myndun þessara hvela. Hefir mér helzt komið í hug, að þau mynduðust af útgeislaðri orku

kjarnans, sem fyrir einhverja eðlisnauðsyn umbreyttist í efni, þegar þeirri fjarlægð frá kjarnanum væri náð, að myndast gæti ástæði eða hlutfall á milli útgeislunarmáttar kjarnans og tilraunar hans til að ná til sín aftur þeirri orku, sem hann er búinn að sleppa. Síðan hefir ekki orðið nein viðbót þar til nú nýlega. Mér kom í hug hvort hver einstök lífvera muni ekki hafa slíkt orkuhvel. Varð mér ljóst á svipstundu, að þarna væri ef til vill skýring á því, hvernig menn flytjast á milli hnatta við andlátid.

Ég hugsa mér manninn sem eins konar kjarna, og mun hann eiga sér hvel, sem verður til við útgeislun hans. Það verður að hugsa sér þetta hvel nokkuð stórt og þjálla og teygjanlegra en hvel ólífrænna efna. Og svo þegar maðurinn deyr, þá hættir hveli hans að bætast orka frá honum, og við það fellur það saman. En um leið og þétting hefst, dregst allt hvelið að einum stað á sjálfu sér, þeim stað, sem háðastur er utanaðkomandi aflsvæði, og myndar þar nýjan kjarna, nýjan líkama, á annarri jörð. Maðurinn er því farinn frá þessari jörð, að mestu, áður en hann deyr.

SVEINBJÖRN ÞORSTEINSSON

UM ÁHRIF ÁSTÆÐIS OG FLEIRA

(Skrifað í marz 1952 og ágúst 1954)

I

Algengt er að sjá myndir lifandi vera, einkum þó manna, þar sem ekki er þó um neinar slíkar myndir að ræða. Þannig getur mér stundum sýnst þetta á skýjum, á víði, veggjum, hlöðnum úr torfi og grjóti, og svo greinileg svipmót, að ekki mundi betur sýnt, þó að listamenn hefðu um fjatlað. Stafar þetta að sjálfsögðu frá sjálfum mér þannig, að mér verða hinir ýmsu hlutir að mannaandlitum vegna þess, hve þau form eru mér kunn eða hugstæð. En þó þykir mér ekki alveg óhugsandi, að stundum sýnist þessar myndir vegna ástæðis hinna nálægu hluta við myndir eða menn, sem einhverjir aðrir sjá raunverulega, og skal hér segja frá dæmi, sem mér virðist benda í þá átt.

Athugull maður og greinagóður sagði mér, að hann hefði eitt sinn, er hann var nývaknaður, séð konusvip, sem hann þá ekki þekkti, en hann síðar sá af mynd, að verið hafði svipur ákveðinnar konu framliðinnar. En einnig sagði hann mér þá frá annarri svipsýn, sem í annað sinn bar fyrir hann nývaknaðan. Sá hann þá fyrir sér stúlku, sem hann þekkti og enn er á lífi. Stóð hún grafkyrr og hélt höndum líkt því, að hún væri að biðjast fyrir. En er hann hafði horft á þetta um stund, leystist sýnin upp, og kom þá í ljós, að það sem honum hafði þótt vera stúlkan, voru ákveðnir hlutir í herberginu.

2

Annar maður, sem líka er greindur og athugull, sagði mér frá lestri í kaffibolla þannig, að sá sem las, nefndi nöfn nokk-

urra nágranna sinna, og fylgdi sögunni, að þessir nágrannar hefðu seinna um daginn komið, í sömu röð og spámaðurinn þóttist sjá þá í bollanum. Virðist mér, að þarna hafi verið um að ræða sams konar sýn og þá, sem fyrr var um getið, og bregða þær því nokkru ljósi hvor á aðra. Og enn sýnist mér, að í því ljósi beri að nokkru að líta á það, sem nú skal sagt.

Fyrir 5—6 árum slasaðist dóttir mín, Guðrún, allalvarlega, en náði þó aftur heilsu sinni. Síðastliðinn nýársdag var það svo, að ég heyri álangdar þangað, sem ég sat við að skrifa, að þessi dóttir mín segir: „Hún Guðbjörg (öldruð stjúpa mín) leit í lófann á mér áðan og varð á svipinn alveg eins og þegar hún leit í lófann á mér daginn sem ég meiddi mig forðum. Ég finn alveg, að það er einhver ógæfa að koma.“ Var rétt að mér komið að fara inn þangað, sem stúlkan var, til þess að reyna að hughreysta hana, en var svo sokkinn niður í það, sem ég var að gera, að af því varð ekki. En fáum mínútum síðar heyrði ég hrópað um, að kviknað væri í húsinu, og get ég þess til, að hefði ég staðið upp um það leyti, sem ég heyrði óheillaspána, hefði mér tekizt að koma í veg fyrir það slys, sem þá varð, því að eldurinn kom upp einmitt þar, sem ég hefði þá gengið.

3

Í grein minni „Mótunarvald minninganna“, sem prentuð er í öðru hefti Íslenzkrar stefnu, tala ég um minningatengsl, sem orðið geti spádómsform. Leitaðist ég þar við að sýna fram á, hvernig slíkt geti orðið því valdandi, að draumar verði fyrirboðar, þó að í sjálfu sér séu þeir það ekki fremur en hvað annað, sem fyrir mann ber. Þykir mér dæmið, sem ég sagði frá hér að framan, styðja það, sem ég hélt þar fram, og skal nú reyna að skýra þetta nánar. Er þá fyrst að gera sér ljóst, að konusvipurinn, sem getið var um hér í byrjun, sýnir, eins og svo ótal mörg dæmi önnur, að ekki er ævinlega hugarburður, þegar um svokallaðar ofsjónir er að ræða. Sá,

sem svipinn sá, hafði aldrei séð konuna, sem svipurinn tilheyrði, eða var líki af, en þekkti hana síðan af mynd, sem þó sýndi annan klæðnað en þann, sem svipurinn virtist bera. Virðist því ekki um að villast, að þar hafi verið um að ræða áhrif frá hinni framliðnu konu. Og þetta um bollasýnina og óheillaspána er það um að segja, að þær sýna fram á vitneskju um það, sem enginn viðstaddur gat hafa aflað sér af eigin rammleik, og sem tilkomin hefur því hlotið að vera fyrir samband við einhverja, sem vissu, og í síðara atvikinu hefur líklega verið viðleitni til að afstýra slysi. Má heita auðsætt, hvernig sú spá hefur verið framkomin: fyrir minningatengsl eða þannig, að óheillahugboðið vekur minningu um óheilladag eða atvik, og þykir mér líklegast, að Guðbjörg stjúpa mín hafi í hvorugt skiptið gert sér nokkra ljósa grein fyrir því, sem framundan var. — En það, sem veldur því, að sýnirnar koma fram hvor á sinn sérstaka hátt, skilst mér að falið hafi verið í ákveðnu samstæði viðtakanda eða viðtökustaðar við sendanda áhrifanna eða sendistöð. Þykir mér stúlkusvipurinn, sem studdist við nokkra ákveðna hluti í herbergi þess, sem sá, benda til þessa. Hefur þar ekki verið um annað að ræða en það, að þessir hlutir stóðust að einhverju leyti á við það, sem myndin var af eða sambandssýnin. Virðist mér, að svo hafi einnig verið um bollasýnina, þó að þar hafi undirrótin fremur verið vitneskja en sýn.

4

Sú trú var ríkjandi og er það ef til vill eitthvað enn, að mikill kraftur geti fylgt orðum, sem borin eru fram í reiði eða heift, og þó einkum, ef þau voru í rími, og mun sú trú ekki hafa verið á engu byggð. Er í rauninni ekki efamál, að sterkur hugur til góðs eða ills geti haft nokkur áhrif á þann, sem til er beint, og er þó líklegra, að áhrifin séu auðveldari, ef á verri veg er. En sé hugleitt út frá því, sem að framan er sagt, þá má sjá fram á, að sumt það, sem nefnt hefur verið

ákvæði, hafi í rauninni aðeins verið spádómsorð tilkomin fyrir ákveðið samstæði atvika og vitneskju lengra kominna íbúa annarra stjarna um það, sem framundan var. Má hugsa sér, að þetta hafi stundum getað komið til þannig, að fyrri hluti vísu hafi verið þetta samstæði, og að vísuorðin, sem hann heimtaði í botninn, hafi þá greitt fyrir komu spádómsins. Gæti ég sagt dæmi af eigin reynslu, sem styðja þetta, en læt hér nægja að vitna til annars dæmis, sem ég hef lesið um einhvers staðar. Maður ásamt fleirum var á ferð norður í Húnavatnssýslu. Lá hann þar nótt í tjaldi og sleppti hestum sínum einhvers staðar þar hjá. Um morguninn varpaði stúlka, sem átti leið þarna hjá, þessum vísuhelming inn í tjald ferðamannsins:

Hirtu betur hrossin þreytt
heimskur ferðadausinn.

Svaraði þá ferðamaðurinn samstundis með þessum vísuþotni:

Einhverntíma öxin beitt
af þér sníður hausinn.

En stúlkan var Agnes, sem var við dráp Natans Ketilssonar og hálshöggvin var fyrir það síðar, og hefði þessi spá um það, sem fyrir henni lá, naumast komið þarna fram án vísuhelming hennar.

5

Þó að sumar athuganir virðist benda til þess, að draumþegi hafi stundum áhrif á hugsun draumgjafa síns eða jafnvel stjórn henni, þá þykir mér mjög ólíklegt, að í rauninni eigi slíkt sér stað nokkru sinni. Þar sem sofandinn skynjar ekki það, sem á sér stað umhverfis hann, þá þykir mér sem vitund hans hljóti einnig að vera að öðru leyti mjög óvirk, og það væri þá ámóta ólíklegt, að hann af einum saman eigin rammleik geti nokkru sinni stjórnað hugsun draumgjafa síns og því fer fjarri, að jarðskins frá tungli gæti nokkru

sinni á daghelmingi jarðar. Hitt þykir mér aftur á móti ekki óhugsanlegt, að fyrir tilstilli æðri veru geti eitthvað, sem draumþegi hafði gert sér ljóst og hugsað mikið um, komið fram í huga draumgjafa, jafnvel þó að það væri með öllu framandi. Kæmi þar þá til greina þetta, sem rætt var um hér að framan, þýðing þess, sem rímað er við, þó að sjálft sé það með öllu óvirkt. Fyrir að standast á við það, sem draumgjafinn hafði hugsað, gæti þá vit hinnar æðri veru átt greiðari leið að huga draumgjafa, eða eins og stigið niður úr því íshemi ríkjandi rangvizku og sljóleika, sem hann kynni að vera haldinn af og umhverfi hans, og væri þó ekki ólíklegt að slík „vitkun“ yrði honum oft fremur til ills en góðs. Hið eðlilegasta hygg ég sé og hið bezta, að draumgjafinn sé ævinlega vitrari en draumþeginn, og þykir mér alls ekki ólíklegt, að samband á hinn veginn geti leitt til óráðs eða ákveðinnar tegundar brjálsemi.

Sumum kann að þykja langt sótt eða óvísindalegt, að gera ráð fyrir æðri vitsamböndum eins og hér var gert. En sé betur aðgætt, þá má ljóst vera, að draumgjafar þeir, sem einn og annar stillir mann til sambands við, geta ekki verið aðalgjafar þeirrar lífmögnunar, sem svefninn veitir. Liggur þannig í augum uppi, að sofandinn hlýtur einnig og reyndar fremur að vera í sambandi við miklu lengra komna lifendur en hinn venjulegi draumgjafi hlýtur jafnan að vera, og það er því á engan hátt óvísindalegt að gera ráð fyrir ofurmannlegu viti, sem ævinlega gæti verið til staðar. Draumurinn eða áhrif draumgjafans var að vísu það, sem fyrst varð að gera sér grein fyrir, svo að komizt yrði hér á skilningsleið. En í rauninni er þó draumurinn ekki nema slæðingur á yfirborði þess straums, sem sambandið við lífgjafann er eða guðinn, sem vegna ófullkomleikans hér verður aldrei nema lítillega greinanlegur.

6

Ég hélt því fram einhvern tíma, að afmæla- og hátíðahöld stefndu í reyndinni að þeim árangri mest, að koma í veg fyrir, að nokkuð líkt gæti átt sér stað, sem tilefni þeirra var, og þegar allir dagar væru orðnir að afmælisdögum, sem haldnir væru með glamri og leikaralátum, væri því ekki framar rúm fyrir merka atburði. Að vísu væri vel, ef á þennan hátt yrði komið í veg fyrir endurtekningu slíks atburðar sem kristnitakan var og nú þegar er farið að tala um að minnst með stórhátíð eftir 46 ár hér frá, því að svo „merkur“ var sá atburður, að hefði hann ekki átt sér stað, hefði sennilega ekki átt sér stað á alþingi sá atburður, sem sögufrægastur gerðist 262 árum seinna, né heldur samþykkt Stóradóms enn síðar. Þarf í rauninni ekki annað en að virða fyrir sér þau áhrif, sem kristin hugsun hefir hvarvetna, þar sem hún kemur fram í hinum fornu bókmenntum, til að gera sér ljóst, hve óholl hún hefur verið og er hinni íslenzku stefnu, og hversu það hlýtur að verða einn árangur af sigri hins íslenzka ljóss, að slík áhrif hverfi.

— En þó að halda megi afmæli á svo ósannan hátt, að fremur verði til oftrunar en eflingar því, sem minnzt er, þá ætti reyndar samkvæmt ástæðislögmáli því sem að framan getur, fremur að geta orðið á hinn veginn.

Orðið ástæði dreg ég af því, að eitthvað standist á, og er það ámóta réttmætt og orðið afstæði, sem dregið er af því að eitthvað standi sérstaklega af sér. — Hefi ég einmitt ástæðu til að halda að áhrifa ástæðis gæti einnig þannig, að minning um atburð, sem gerðist fyrir nákvæmlega ári, öld eða aldatug, geti fyrir tímaástæði átt auðveldara með að láta atburðinn endurtaka sig einmitt þá eða annan honum skyldan. Kemur mér í því sambandi í hug það, sem fróður maður taldi sig hafa tekið eftir, að það ætti sér oftast stað en ætla mætti, ef tilviljun ein réði, að menn látist nálægt afmæli sínu eða nákvæmlega þann dag. Og eitt sinn veitti ég því athygli, að

stillisáhrif manns nokkurs urðu mér stórum greinilegri í eitt skipti en í nokkurt annað sinn, en það var við upprifjun gamals atviks, sem ég hafði lifað. Var atvik þetta mjög í samræmi við hugsun mannsins, og er ég gætti að því, sem ég hafði þó ekki gætt að áður, þá kom í ljós að þessi upprifjun, sem var að nokkru leyti í draumi og nokkru leyti í vöku, eða þannig, að mér er ekki ljóst hvort heldur var, stóðst nákvæmlega á við það í tíma, þegar atvikið átti sér stað mörgum árum áður. Virðist mér þannig að tímaástæði þetta hafi ef til vill til hálfis knúði fram það, sem stilliáhrif mannsins knúðu fram að öðru leyti, og kemur mér því í hug, að færa megi sér lög-mál þetta í nyt eitthvað til viðbótar því, sem færa má sér í nyt stillilögmálið.

PORSTEINN JÓNSSON

SVEFNINN, DAUÐINN OG ÞAÐ SEM VERÐA Á

I

Það er stundum komizt svo að orði, þegar langþjád gamalmenni deyr, að dauðinn hafi komið því sem hvíld, og er það ekki ranglega gert. En ekki er sú hvíld réttilega nefnd grafarhvíld, því að gröfin veitir ekki slíkt. Hins vegar er það í framlífi einstaklingsins, að hvíldin veitist, og einungis af því, að þá fer hann að geta notið svefnmögnunarinnar á sama hátt og hann gerði, þegar hann var ungur.

Þegar maður hvílist, þá er hvíldin ekki falin í því að liggja og sofa. Hún er hins vegar falin í því, að þegar legið er og sofið, veitast skilyrði til magntöku þaðan, sem lífið er miklu öflugra en hér á jörðu. Hvíldin er magntaka í stað þeirrar orku, sem einstaklingurinn eyðir við það að vera til og starfa. En þegar aldur færist yfir veitist þó slíkt ekki til fulls, og þá dregur til þess að dauðinn komi og leysi úr preytufjötrunum.

Maður, sem gengur til hvíldar eftir aflokid dagsverk, hefir að líkindum bætt nokkru í sjóð fram yfir það, sem hann átti þar um morguninn. Dagurinn hefir vonandi fært honum eitthvað til lífsframfærslu, en hann hefir einnig fært honum preytu. Og þessu líkt er farið gamalmenninu, sem bíður eftir hvíld dauðans. Ævi þess hefir með hverju m degi sem leið, fært því nokkurn arð fram yfir ættararf þess. En sá arður hefir smám saman orðið því æ þyngri byrði. Og þegar það hættir að geta bætt við þá byrði sína, hlýtur það að deyja. Söfnun lífsreynslunnar og lífsþroskans leiðir til þess, á þann hátt sem ég hefi vikið að annars staðar, að einstaklingurinn flytjist til annars staðar, þar sem hann getur notið þessarar söfnunar á annan og miklu rauðverulegri hátt en í frumlífi sínu.

Til þess að geta notið hins aflaða lífsviðurveris, varð verkamaðurinn að hvílast. Fæðan, sem hann neytti til viðhalds líkama sínum og byggingar, gat ekki orðið honum til viðhalds og byggingar án hins viðhaldandi og byggjandi magns, sem með svefnhvíldinni veittist. Og um neyzlu æviarðsins er að sínu leyti eins. Til þess að vera ekki lengur umfram þann mögnunarhæfileika, sem einstaklingurinn hafði erfð af ætt sinni, og þar af leiðandi byrði, varð hann, æviarðurinn, að sameinast lifandanum á þann hátt að setja mót sitt og mark á hans framlífsgervi. Lausn einstaklingsins úr þreytufjötrum ellinnar er þannig falin í því, að hann eftir dauðann byggist upp, ekki einungis samkvæmt kynarfi sínum eða ættminningum, heldur einnig samkvæmt sínum æviarði. Þetta, sem svefninn veitti forðum hinum vaxandi unglingi, svo að þeim fríðleik og þeim þrótti, sem ætt hans gaf honum skilyrði til að öðlast, var í engu vant, það veitist honum nú aftur í framlífi hans, því þá verður einnig lífsfylling hins áunna æviarðs hans, sem hann hefir nú bætt við sig lífræðilega. Getuna, sem hann í ellinni var svo mjög farinn að skorta til að veita móttöku hinni nauðsynlegu lífmagnan af hendi svefnisins, hefir nú hinn skuggalegi dauði veitt honum aftur, og, ef rétt var stefnt í frumlífinu, betur og í ríkari mæli en nokkru sinni áður.

II

Það kynni að virðast, að ég sé hér kominn á mjög aðra skoðun en þá, sem Helgi Pjeturss hafði á elli og dauða. En þó er svo í rauninni ekki, nema þá að litlu leyti. Það að deyja, sem ekki einn einasti af lifendum þessarar jarðar hefir komizt hjá að gera, síðan fjölfrumungurinn kom til sögunnar, hlýt ég að líta á sem lífslögmál, en ekki einungis sem slys, og hefir mér auðnast að gera grein fyrir því á þann hátt, sem ég veit ekki til, að nokkur hafi gert áður. Þetta, að lífið hér komst á þá braut að geta aukizt og fegrast af sögu

sinni, hlaut að leiða til þess, að lifendurnir yrðu að taka á sig aukna byrði, og að lífssagan kæmi við þá á annan hátt, en verið hafði áður, meðan þróunin var kyrrstæðari. Við það að straumur framvindunnar ykist, hlaut ládeyða lífsins að rofna á þann hátt, að fram kæmu ölduris og ölduföll slík, sem eru frá vöku til svefns og frá lífi til dauða. Framvinda og hreyfing getur, held ég, aldrei verið án einhvers öldugangs eða hvarfa milli andstæðna slíkra, sem það er að lifna og deyja. Hitt er svo annað mál — og þar er það, sem kom Helga Pjeturss til að andmæla dauðanum — að þetta hrap, sem dauðinn er, ber hér jafnan að með öðrum og lakari hætti en vera ætti, og hlýtur til þess að liggja sú ástæða, að hér sé ekki í sannleika lífað. Dauðabjáníngin, slysin og sóttirnar er það, sem ekki á að eiga sér stað, og eru orsakirnar, sem leiða til slíks, að mestu leyti aðrar en sú, sem veldur því að lifandinn hlýtur að skipta um ham. Orsök til ellihrörnnunar og afturfarar er jafnvel ekki nema að nokkru leyti hin sama og sú, sem gerir dauðann óhjákvæmilegan. Væri líf í sannleika, ætti þróun hvers einasta lífsgervis að vera óslitin og stöðnun því ekki að eiga sér stað fyrr en mælir þroskagetunnar væri fullur orðinn og þá því ekki um annað að ræða en að hverfa til framlífsins. Og þá eiga umskiptin að verða eins og þegar lagzt er til svefns og alveg án þjáníngar og ótta. — Svefninn er eftirgjöf eigin vitundar og eigin lífsstarfs, en ekki til fulls. Hugsun sofandi manns getur að vísu eftir að mestu, en lífsstarf hans ekki nema að litlu leyti. Og þessi eftirgjöf svefnsins er til þess að gefa rúm endurnýjandi krafti, sem geislar til sofandans og nær einkum til heila og tauga. En dauðinn er eftirgjöf alls lífsstarfs, öldudæld, sem nær alla leið að grunni. Hann er fullkomin upplausn alls þess, sem sagan hafði bundið einstaklingnum, fullkomið hrap alls þess, sem reist hafði verið. Og fyrir það að hann er svona algjör, getur byggingin orðið til fulls og magnanin, þegar úr þeirri öldudæld er risið.

ÞORSTEINN JÓNSSON

HIÐ DAUÐLEGA OG HIÐ ÓDAUÐLEGA LÍF

I

Það er eftirtektarvert, að um elli og ellidauða er fyrst að ræða í lífheimi jarðarinnar eftir að fjölfrumungarnir koma til sögunnar. Einfrumungarnir deyja ekki nema af slysförum, og mætti af þessu hugsa sér, að með hinu samsetta lífi, hafi verið lengra seilt, en sem hæfði jörðinni eða aflsvæði hennar. En þó að ég fallist á að jörðin sé ófullkominn staður, þá held ég að frumorsök ellinnar og ellidauðans liggja ekki fyrst og fremst í því. Aðalorsökin held ég að sé lífslögmál. Þjáning og afskræming stafar af ófullkomleik eða því, hve lífið er hér máttvana. En nauðsyn þess að lifendurnir flytjast frá einum stað til annars liggur í öðru. Um leið og fjölfrumungurinn kom til sögunnar, hófst lífið til aukinnar framfaragetu, og þykir mér líklegt, að þá fyrst hafi það öðlast vísi til framlífsgetu. — Að lífi einfrumungsins liggur að vísu geislan lífskrafts frá lífheimum annarra stjarna. En hins vegar get ég hugsað mér, að frá því lífi stafi engin sú geislan, sem megni að endurbyggja það á öðrum stöðum geimsins. Ódauðleiki einfrumunganna gæti þannig verið í nokkru sambandi við það, að hann ætti ekki ódauðlega „sál“ svo sem einstaklingar hins samsettara lífs. Það, að hann ekki eldist, gæti þannig stafað af því, að hann án þess að hafa verið þáttur í byggingu fjölfrumungs, hafi ekki komizt á það stig að hafa alheimspýðingu.

II

Í hinu fagra ævintýri H. C. Andersens, Hafmeyjan litla, segir frá því hvernig vera, sem ekki átti ódauðlega sál, ávann sér hana. Af því að unna mennskum konungssyni, fórnaði hafmeyjan litla farsæld og ásköpun óralangrar ævi, en hlaut að launum það, sem hún ekki vissi fyrir og henni var ekki áskapað, að lifa þótt hún dæi. Og þessu líkt get ég hugsað mér, að átt hafi sér stað hjá lífinu hér á jörðu, þegar fjölfrumungurinn kom þar til sögunnar. Meðan aðeins var um einfrumunga að ræða, voru framfarirnar hægfara, svo að varla hefði verið sjáanlegt á milljónum ára, að þokað hefði fram. En þetta líf var án þjáninga og elli. En svo var það loks einn góðan veðurdag, að hjá einhverjum þessara sævarbúa, því í byrjun áttu lifendurnir heima aðeins í sjónum, vaknaði einhver vísir til ástar eða samfélagsþrár við aðra, sem svo leiddi til þess, að fjölfrumungurinn kom fram. Og þá var um leið komið á braut örari þróunar og framfara. En því fylgdi svo aftur það, að lifendurnir urðu að taka á sig meiri byrði en áður. Einungis af því að unna eða leita sambanda út fyrir sig verður komið á leið raunverulegra framfara og þroska, en þroskinn af ást verður hins vegar ekki án þess að finna til veruleikans meira en áður og festa sér hann betur í minni. Og nú varð það úr því, að í stað þess að hinir sorglausu sævarbúar, einfrumungarnir, höfðu ævinlega að mestu varpað af sér reynslubyrði sinni um leið og þeir skiptust á þann hátt, sem einfrumungum fjölgar, tók nú hin ásttengda tvenning eða margfeldning að safna sér henni í varanlega og vaxandi byrði. Þetta, að verða margfeldnari af því að unna, varð til þess, að hjá hinum samsetta einstaklingi eða félagsverunni tók að verða til einhver vísir minnisstrengja, sem bættu æ við sig í hvert sinn sem þeir voru snertir. Minningarnar um það, sem snerti við strengjum ættminnisins urðu honum nú að nýjum strengjum langt fram yfir það, sem verið hafði áður hjá hinum ófullkomnari fyrirrennur-

um. En með þessu varð sú breyting, að gömlunin kom og lögmálið að verða að deyja. Lífsmögnun einstaklingsins, sem maðurinn þiggur einkum í svefni, stentz aðeins á við hið áskapaða eða ættmótaða ágæti hans, og meðan æviþroskunin var lítil eða engin eins og hjá einfrumungunum, varð dauðinn ekki nær þótt lengi hefði verið lífað. Vegna þess að bæta litlu sem engu við þroska sinn af að lífa og vera til, eltist einfrumungurinn ekki. En þegar einstaklingurinn fór að bæta við sig minnisstrengjum með lífi sínu, tók ævi hans að færa honum elli og dauðadóm, og það var af því, að þessir viðbættu minningastrengir voru umfram hina kynerfðu getu hans til lífsmögnunar. En eins og ég sagði, þá mun framlífsgeta hans hafa byrjað, þegar þessi dómur gekk yfir hann, að hljóta hér að eldast og deyja. Fyrir það að komast á hina þrotlausu framfaraleið fórnðu lífendurnir að vísu sorgleysi og ódauðleik hér á jörðu. En með því öðluðust þeir hins vegar eilífðargildi og ódauðlega sál. Með því einu, að bæta æ við sig strengjum minninga af sögu sinni, getur lífandinn orðið einn hinna virku minningastrengja í lífi og vitund alveru. En það að varðveita alla sína minningastrengi, er alveru eins nauðsynlegt og hinn mannlegu veru. Tilveran byggist á því að muna.

III

Eins og dr. Helgi Pjeturss hélt fram, þá er framförin hið sanna eðli lífsins, og þá fyrst, þegar lífendurnir komust á brautina fram, brautina til vits og vaxandi fegurðar, vaxandi sambanda og samstillingar, hygg ég að þeir hafi unnið sér réttinn og getuna til þess að lífa áfram. Heimsgildi lífandans er falið í því, að hann aukist að fullkomnun af sögu sinni. Því að það er hinn eini möguleiki til þróunar. Úrval og kynblandanir til kynbóta bæta í rauninni engu við til þróunar lífsins, þó að það geti hins vegar haft nokkra aukabýðingu. Það eitt að náttúran hefði æ valið úr hið bezta, hefði með

engu móti getað leitt til þess, að maður kæmi fram af þeim lífmyndum, sem voru hér til fyrir svo sem þúsund milljónum ára. Og eins er um samblandanir, sem aldrei geta tekizt á milli fjarskyldra tegunda. Þær einar út af fyrir sig gátu ekki látið koma fram nokkuð nýtt eða annað en það, sem rekja mátti ættir til. Af þessu hlýtur raunveruleikinn að vera sá, að þróunin sé áunnin. Og hið eina skiljanlega er, að það hafi átt sér stað eins og nokkurskonar nám eða skjalfesting sögunnar eins og líka athugun á fósturskeiði einstaklingsins bendir svo greinilega til. Þar kemur svo greinilega fram upprifjan sögu, og má furðulegt heita, að menn skuli ekki fyrir löngu hafa ályktað þar af það, sem hér hefir ályktað verið. Og þetta um frumorsök gömlunarinnar sýnist líka liggja hér alveg ljóst fyrir, eftir að skilningurinn er fenginn um lífsambandið í alheimi, og þá lífsmögnun, sem hver einstaklingur hér þiggur þaðan, sem lífið er miklu öflugra. Þegar sá skilningur er fenginn, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að án þessarar mögnunar gæti ekkert líf átt sér stað og að undir henni annars vegar og lífssögunni hins vegar er allt komið. Það sem á sér stað, þegar lífingi verður til, er samleikur þessara tveggja aðilja, sögunnar og hins tilsenda lífmagns. Það sem hinn tilsendi lífskraftur byggir á hverjum stað, hlýtur ævinlega að vera mjög fastskorðað af móti sögunnar þar eða ættminningunum eins og ég hefi kallað það. Hinn nýi einstaklingur er söguágríp ættar sinnar, sem þó er ekki fullskráð fyrir en hann er fullvaxinn. En sagan heldur áfram og lögmál vaxtarins knýr á, einnig eftir það að líkamsvextinum er náð, og árangur þess er sá, að einstaklingurinn hlýtur að eldast og deyja. Sú lífsmögnun, sem einstaklingurinn þiggur í svefni, er honum, eins og ég hefi áður vikið að, ákvörðuð af ættminningum hans, eins og líka svipmót hans og gáfnafar, og veitist ekki með nægjanlega auknum skammti, eftir að líkamsvexti hans er náð, og því hlýtur hið ævíáunna að verða þar að nokkru leyti umfram. Magnanin, sem hann þiggur

sér til lífs, fer smám saman að verða honum ófullnægjandi, þegar aldur færirst yfir, og það er af engu öðru en því, að honum bætist nokkuð til viðbótar því, sem honum var áskapað í byrjun. Magnanin, sem byggði, og minningamót ættarinnar, sem byggingin mótaðist af, voru í æsku einstaklingsins jöfn og tilsvarandi. En þegar fram liðu stundir, raskaðist sá jöfnuður eða sú tilsvörun þannig, að æviávinningurinn varð að miklu leyti umfram. — Það má vissulega með sanni segja, eins og Helgi Pjeturss gerði, að líf sé ekki í sannleika án þess að vera óslitin framför, og að það sé ekki neitt nauðsynjalögmál, að afskræmast með ellinni. Ef réttilega væri líf að, ætti ævinlega að vera einhver aukning fegurðar og göfgi, þó að fegurð ellinnar hlyti hins vegar alltaf að verða nokkuð önnur en fegurð æskunnar, líkt og fegurð kvöldskinsins er önnur en fegurð morgunsins. Og það er jafnvel ekki laust við, að stundum bregði þegar fyrir hjá sumu gömlu fólki einhverjum bjarma þeirrar kvöldfegurðar, sem verða mun, þegar í sannleika verður hér lífað. En til þess hlýtur þó að draga fyrir öllum lífendum jarðarinnar enn um langt skeið, sem er sams konar og það, þegar maður verður að fiðrildi. Án þess að slíkt verði, verður eins og sakir standa, lögmáli þróunarinnar ekki fullnægt.

ÞORSTEINN JÓNSSON

ÁGÆTI EIGINGIRNINNAR

Við getum ekki búizt við neinum verulegum árangri við stjörnusambandstílaurnir eða annað starf við þetta málefni yfirleitt, fyrr en við leggjum langtum meira að okkur við það en við höfum gert. Sá, sem ekki þorir að leggja fram alla krafta sína til að vinna að þessu málefni, ef honum býðst tækifæri til þess, er áreiðanlega ekki góður Nýalssinni. Það er auðséð, að sá skilur ekki, hvað mikið gagn hann getur haft af því, er eitthvað gengi. Ég efast ekkert um, að margir í félaginu eru góðir Nýalssinnar, en þeir fá aðeins ekki tækifæri til að njóta sín. Sjálfsagt gæti tækifærin til þess borið að á ýmsan hátt, en á einn hátt helzt: Það er að finna féлага, sem sýndu alla vega gagnkvæmt traust. Einn maður getur ekkert, ef enginn treystir honum, og engum er treyst án þess að hann treysti öðrum. Það eru óteljandi atriði, sem vekja traust manna hvers á öðrum. Mörg þeirra eru meira og minna fölsk, og því eru flestir marghrekkiðir á því að treysta um of á aðra, því ósannar viðmiðanir svíkja alltaf. Réttur skilningur á öðrum hlýtur alltaf að vera höfuðskilyrði fyrir því, að hægt sé að sýna þeim traust.

Það, sem er áreiðanlega undirstöðuatriði, þegar maður metur aðra og sambúð sína við þá, er það að hver er sjálfum sér næstur og allir undantekningarlaust elska sjálfa sig mest. Það er alveg sama hvað hver segir um óeigingjarna ást og fórnfýsi, þá stefna allar fórnir og öll ást fyrst og fremst að því að bæta hag og aðstöðu sjálfs sín, stækka sig og efla. Þetta þykir fólki yfirleitt ljótt að heyra, og gæti ég trúað að sumir hugsi við þessu, að skeð geti að ég hugsi

svona, en þeir ekki og guð áreiðanlega ekki. Þeir, sem svona hugsa, athuga ekki að þegar þeir fórna sér við starf eða í ást, að þá er það, sem þeir fórna sér fyrir orðið hluti af þeim sjálfum og þeir líta á afdrif þess, sem þeir fórna sér fyrir sem sín afdrif. Annars á ég vont með að skilja, hvernig þetta ætti að geta farið framhjá nokkrum skynsömum Nýalssinna, þar sem lögmálið fyrir þessu er undirstöðulögmál Nýalskenninganna. Án þess að hafa það til hliðsjónar mætti alveg eins halda, að draumarnir væru upprunnir í undirvitundinni. Það væri að minnsta kosti ómögulegt að átta sig á því, að aðrir menn leituðust við að framleiða sig í okkur.

Aðalatriðið er, að þótt menn vinni að stækkun sinni, þarf það ekki að verða til þess að aðrir minnki, heldur þvert á móti. Ef rétt er stefnt, þá er bezta aðferðin til að stækka sig, að hlaða undir aðra, og er það gert þegar menn og guðir fórna sér fyrir aðra. Þegar litið er á þetta frá þessari hlið, sést að það er ekki nema sjálfsagður hlutur, að hver og einn reyni að gera eins mikið úr sér og sínu og kostur er á. Það er sjaldan tregða hjá fólki að fallast á það, að góð sambúð við aðra byggist á góðu lífernri og það sé undirstaða rétrar samstillingar, en framkvæmdir í þá átt eru yfirleitt engar fram yfir það, sem eðlishvatirnar gefa mönnunum tilefni til. Þetta stafar af skilningsleysi á beinu eigingagni af verkum í annarra þágu. Sumir hafa næmt eðlisvit á þessu og eru þeir kalladír góðmenni og eru farsælir, aðrir eru lokaðir fyrir skynjunum í þá átt, og eru það illmennin, en bæði illmennin og góðmennin vinna að nákvæmlega því sama, að efla sig. Ég held, að í heiðni hafi verið betri skilningur á þessu en nú. Gæti ég trúað, að gyðingatrúin eða kristnin hafi ruglað menn í ríminu á þessu með því að greina í sundur eigingirni og óeigingirni, en það er hin mesta vitleysa, þótt eigingirnin geti verið ýmist helstefnueigingirni og lífsstefnueigingirni. Mennt hafa í eynd sinni vonað, að guð fórnaði sér fyrir þá, án þess að þurfa að láta neitt í staðinn. Hjá því þurfum við

Nýalssinnar að komast. Við getum ekki vonast til að verða eldir frá öðrum stjórnnum fyrir það eitt að trúa því, að þar séu verur, sem afls sé að vænta frá. Við megum það ekki, guðir okkar vilja hafa eitthvað fyrir snúð sinn, og er það ekkert annað en það, að við vinnum okkur sjálfum af öllum kröftum, leifum ekkert af, og gerum það með því að vinna öðrum gott. Ekki aðeins mönnum, heldur öllu sem maður nær til.

Ef til vill byggist sá misskilningur að til sé óeigingirni á peningahugsun og hugsun um önnur dauð auðævi. Hugsun um þau eru orðin svo rík hjá fólki, að það er ekki talin eign, sem ekki er hægt að meta til peninga. Lífshamingja er talin eitthvað óviðráðanlegt og sjálfsgætt, ef hún vill koma, en ef hún vill ekki koma, þá sé ekkert við því að gera. Það er ekki athugað, að hamingja er nokkuð, sem menn afla sér með gerðum sínum, alveg eins og peninga. Peningar eru ekki annað en hálf falskur milliliður á milli vinnu og hamingju. Hamingja, sem fengin er milliliðalaust, er miklu sannari og farsælli. Leggjum því niður peningahugsun, hún er á helstefnuleið, en metum þeim mun meira áhrif af kauplausum gerðum í annarra þágu. Það gæti orðið vænlegt til vaxandi árangurs í stjórnum sambandsmálum.

KRISTLEIFUR ÞORSTEINSSON

LÍFSGLEÐI OG DR. HELGI ÞJETURSS

Nokkuð mun mega fyrir því finna, að menn líti svo á, að dr. Helgi Þjeturss hafi þunglyndur maður verið eða jafnvel bölsýnismaður. Menn telja það, hve oft hann talar um heim, sem á helvegi gangi, sanni þetta. Að mínum dómi er þetta hin mesta firra, eigi ólík fjarstæða og þegar ungur maður sagði við prest sinn, að sér hefði æ fundizt Kristur gungulegur, og má þó fullyrða, að hvergi finnist hugprýði hreinni og djarflegri en í þeirri mynd, er menn fá af honum í guðspjöllunum.

Aðeins eitt sinn sá ég dr. Helga, og var þá allmjög liðið á ævidaginn hjá honum, en eigi má ég á manni sjá styrkleika lífsgleði, ef ekki hjá honum. Og sé á starf hans litið, kemur þetta ekki síður fram. Sannleiksleitinn, sannleiksþráin, er þráður sá, sem æ og ævinlega gengur í gegnum allt, sem dr. Helgi ritaði. Og sannindi þau, sem hann fann, sannindinn um lífmagnanina, hlutu líka að sýna honum „sólskin að skýjabaki“, eins og um hann var kveðið. Dr. Helgi var vorsins maður. Hann sá voröld í vændum, ef frá helstefnu væri snúið, og má allt annað sannara segja en að slíkur maður bæri einkenni svartsýnis.

En fyrir því, hve erfiðleikar voru og eru miklir á því að koma sannleik þessa máls fram, má eigi svo sjaldan sýnast sem snjóský byrgi útsýn. Allir hugsjónamenn, — en enginn er hugsjónamaður án þess að hugsa lengra en fjöldinn — hefir eflaust ekki sjaldan fundizt sem þeir stæðu á vítisbarmi. Heimska og eigingirni eru þar annars vegar gegn sannleik

og innsæi, og er því ekki að undra, þó að á stundum sortni þeim fyrir augum, sem á ljósinu halda.

Barátta fyrir batnandi heimi verður að byggjast á lífsgleði og góðvild. Með kenningum sínum og lífi hefir dr. Helgi þar svo sterkar stoðir undir sett, að eigi munu bresta. Skil ég forgöngumenn félags okkar þannig, að þeir ætlist til, að merki hans verði ekki látið falla, þótt hann sé nú horfinn sjónum. Undir því merki má sigur vinna öllum mönnum, ef góðir menn undir ganga, því þar sem góður maður gengur, eru guðs vegir, hefir sagt verið.

GUDMUNDUR ÞORSTEINSSON

Klafastöðum

ÍSLENZK MANNFRÆÐISTOFNUN

Eins og kunnugt er, skiptist mannkynið í kynflokka sem hver hefur sín sérkenni, andleg og líkamleg, og greinist þannig frá öðrum. Allir kannast við mun þann á litarhætti sem aðgreinir hvíta menn, svarta og gula. En ekki eru svokallaðir hvítir menn allir einn kynþáttur og tala mannfræðingar um fimm evrópska kynþætti: norrænt kyn, alpakyn, austurbaltneskt kyn, miðjarðarhafskyn og dínarískt kyn. Talið hefur verið að fjórir hinir fyrsttöldu finnist hér á landi að einhverju ráði, en ekki eru menn sammála um í hvaða hlutföllum. Þó mun enginn neita því að mest ber hér á norræna kyninu, og það held ég að sé gott, því að sagt er, að það kyn hafi allstaðar gefizt bezt, og menningin hafizt hæst þar sem það kom til skjalanna, t. d. á Grikklandi í fornöld, á Ítalíu á endurreisnartímanum (afkomendur Gota og Langbarða) og víðar. Einkanlega hafa menn af norrænu kyni þótt miklir forystumenn til góðs og ills. Herforingjar og stjórnendur eru sagðir hafa verið norrænir margir í sjón, en einnig vísindaskörungar (Kópernikus og Newton, Lamarck og Darwin) og jafnvel listamenn í ríkum mæli. Líklegt þykir mér að margir þeirra ágætu manna, sem mest er gert úr í Nýöllum hafi verið af norrænu kyni. Segir í Nýal, að hið norræna kyn verði að vinna stafnbúastarf á jarðarskipinu.

Sú hugmynd hefur komið fram, að koma skuli upp mannfræðistofnun Íslendinga. Myndi sú stofnun annast mannfræðirannsóknir og auka þannig nauðsynlega þekkingu á íslenzku þjóðinni. En jafnframt gæti þarna orðið um að ræða

safn, þar sem geymd væri lýsing flestra eða allra Íslendinga, mynd af hverjum manni, röddin hans á segulbandi o. fl.

Þetta safn og mannfræðirannsóknirnar gæti orðið aflgjafi áhuganum á „mannakynbótum og eflingu hins norræna kyns“ og öðru því sem til þjóðþrifa horfði. Og loks er þess að geta, sem ekki er minnst um vert, hvílíkt gagn yrði að slíkri stofnun við rannsóknir á sambandi við framliðna. Eigi þær rannsóknir að verða vísindalegar, verður að vera einhver undirstaða „jarðneskrar“ þekkingar að byggja á og tengja við. Og hvað væri þá betur til slíks fallið en einmitt vandaðar mannfræðirannsóknir? Það yrði mikill munur, að geta gengið að nákvæmri lýsingu hins framliðna, heldur en þurfa eingöngu að reiða sig á misjafnlega trútt minni manna. Mér virðist þessi þjóðarrannsókn vera nauðsynlegur fyrirfari vísindalegra sambandstílauna við framliðið fólk. Ég vænti því að lesendum þessa blaðs muni þykja álitlegt að styðja hugmyndina um mannfræðistofnun. Væri óskandi að fleiri yrðu til að láta uppi álit sitt hér í blaðinu og benda á leiðir til að koma málinu í framkvæmd.

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

Úr félagsblaði Nýalssinna.

FÉLAG NÝALSSINNA

Saga þess sögð í fáum dráttum.

Það var á gamlársdag 1950, að Félag Nýalssinna var formlega stofnað. En upphaf þess félagsskapar má nefna það, að nokkrir Nýalssinnar í Reykjavík og víðar að komu þar saman til fundar að Stýrimannastíg 5 haustið 1948, og má þó segja, að tildrögin hafi áður átt sér stað uppi í Borgarfirði.

Þess skal að vísu getið, að tilraun eða tilraunir til sams konar félagsskapar höfðu átt sér stað í Reykjavík. En þar sem félagsskapur sá, sem hér ræðir um, er á engan hátt framhald af þeim félagstílaunum, þá ber hér ekki að rekja sögu þeirra.

En upptök félagsskapar þessa ber, eins og ég sagði, að rekja til nokkurra Borgfirðinga, sem sumarið 1948 höfðu stundum komið saman til að ræða málefni Nýals. Var það fyrir örvun frá þessum mönnum, að ég þá um sumarið skrifaði grein í blöðin með fyrirsögninni „Til lesenda Nýals“, og reyndi þar til að fá þá, sem nú eru nefndir Nýalssinnar, að gefa sig fram við mig.

Þess skal geta, að slíka tilraun sem þessa hafði ég gert tvisvar áður, haustið 1933 og aftur allmörgum árum síðar. Tókust þá bréfasambönd milli mín og nokkurra Nýalslesenda út um land, og er nú sumt af því fólki þátttakendur þessa félagsskapar. En í þetta sinn, haustið 1948, gáfu sig fram við mig nokkrir karlar og konur í Reykjavík, og varð það til þess, sem áður var sagt, að nokkrir Nýalssinnar komu þar saman til fundar litlu á eftir.

Nú tók við þetta tímabil hins óformlega félagsskapar, og skortir mig gögn til að rekja sögu þess. Þó vissi ég, að fundir voru haldnir öðru hverju og rætt var þar um félagsstofnun jafnframt því að rædd voru málefni Nýals. En nokkrir örðugleikar komu fram vegna mismunandi skilnings á sumu því, sem kenningar Nýals fjalla um. Tafði þetta víst framgang félagsins um hríð. En að lokum kom þó að því, sem áður getur, að hinn formlegi félagsskapur yrði til, og var þá fyrst kosinn formaður og félaginu gefið heiti, sem það ber.

Eins og fundargerðarbók sýnir, þá voru stofnendur hins formlega félagsskapar 14 að tölu, eða jafnmargir og voru á hinum fyrsta fundi rúmlega tveimur árum áður. Að vísu var síðar samþykkt tillaga um, að nokkrir fleiri, sem ekki gátu setið stofnfund þennan, skyldu teljast stofnendur félagsins. Var Sveinbjörn Þorsteinsson kosinn formaður, og valdi hann sér meðstjórnendur Sigurð F. Ólafsson gjaldkera og Þorstein Guðjónsson ritara.

Ég get ætlað, að fundir þeir, sem haldnir voru þennan vetur, en þeir fóru flestir fram að Drápuhlíð 40 hjá Valdimar Guðlaugssyni, hafi verið allskemmtilegir, því að þeir hafa verið haldnir með aðeins tveggja og þriggja vikna fresti, eða sjö frá áramótum til 15. maí. Virðist líka að á fundum þessum hafi mikið verið rætt um heimspekileg málefni, sagt frá draumum og stundum lesið upp eitthvað til glöggvunar á þeim, enda mun árangurinn hafa verið sá, að sjónarmið manna hafi heldur færzt saman. Og auðvitað hefir fyrst eftir stofnun félagsins ýmislegt nýtt verið til framkvæmda. Þannig var á hinum næsta fundi, sem haldinn var 14. jan. 1951, lagt fram og samþykkt uppkast að lögum, sem formaður hafði, í samráði við nokkra aðra, samið upp úr eldra uppkasti. Þá var og samþykkt tillaga um stofnun tímarits, sem eins og öllum félögum kunnugt, komst bráðlega í framkvæmd. Og þá sé ég í fundargerð frá 25. febrúar, að gjaldkeri hefir borið fram þá tillögu, að félögum úti um land væru sendar fundar-

gerðir þær, sem til yrðu, svo að þeir gætu fylgzt með félagsfrankvæmdum, og er sú tillaga nú fyrst að koma í framkvæmd.

Á fundi 15. maí 1951 var talað um sjóðsstofnun til byggingar stjórnusambandsstöðvar, og eitthvað byrjað að leggja fram gjafir til þess. Á næsta fundi, sem haldinn var 18. nóv. sama ár, var enn haldið áfram að ræða þetta mál, og voru þá komnar í sjóð kr. 4.750.00. — Á þeim fundi voru og valdir 5 menn til að sjá um undirbúning miðilsfunda fyrir félagsmenn, og mun enn ekki hafa gefizt tækifæri til að láta verða af framkvæmdum á því.

Á þessum fundi, 15. maí, og öðrum, sem haldnir voru veturinn 1951 til 1952, hefir, eins og áður, verið haldið áfram að ræða um undirstöðuatriði Nýals, og sýna fundargerðir, að menn höfðu gert sér misjafnlega ljósa grein fyrir þeim. En allar virðast umræður þessar hafa farið fram í bróðerni og þannig, að verða mætti til vitkunar þeim, sem þátt tóku í eða á heyrðu.

Veturinn 1952 til 1953 voru haldnir fundir 15. nóv., 17. des., 4. febrúar, 11. og 25. marz. Sýna fundargerðir, að í þessi skipti hefir mikið verið rætt um, hverjir möguleikar yrðu fundnir til að koma í framkvæmd byggingu félagsheimilis eða stjórnusambandsstöðvar. Hafa þær umræður einkum verið um það, hvernig afla skyldi fjár til þessarar framkvæmdar, og er í síðustu fundargerð sagt frá, að stöðvarsjóðurinn sé rúmlega hálf tólfta þúsund krónur. Einnig var á þessum fundum rætt um staðinn, þar sem byggingin yrði látin standa. — Á einum fundi var borin fram tillaga um, að reynt yrði að koma í veg fyrir að braskað væri með hús og lóð dr. Helga Pjeturss og helzt að fá því komið til leiðar, að minning hans yrði sem bezt varðveitt á þeim stað. — Þá sé ég á fundargerðum þessa vetrar, að á síðustu fundum hefir allmikið verið rætt samstarf við Háskóla Íslands þannig að fá starfsmenn hans til samstarfs við Nýalssinna við að rannsaka

það, sem einkum var viðfangsefni dr. Helga Pjeturss á eðli vitundarinnar. Fóru víst fram af hálfu Nýalssinna einhverjar viðræður við sum þessara stórmenna og enn aðra kunna áhrifamenn bæði í sambandi við rannsóknirnar á hinum ný-ölsku málefnum og til að leita stuðnings um, að einhverju fé yrði veitt til byggingar rannsóknarstöðvar. En lítinn árangur mun þetta hafa borið, enn sem komið er.

ÞORSTEINN JÓNSSON

Úr félagsblaði Nýalssinna 1953.

Faint, illegible text, possibly bleed-through from the reverse side of the page.